

Hólavallaskóli

Suðurgötu 20

Í Hólavallaskóla fóru fram fyrstu leiksýningar í sögu Reykjavíkur og landsins alls. Skólinn stóð á lóðinni sem er nú Suðurgata 20. Var skólahúsið reist árið 1786 og rífið tuttugu árum síðar, enda illa byggt og aðbúð þar öll hin versta. Þar voru fyrstu íslensku leikritin þó sýnd af skólapiltum á síðasta áratugi 18. aldar. Þetta voru gamanleikir úr íslenskri samtíð eftir þá Sigurð Pétursson sýslumann og Geir Vídalín dómkirkjuprest, síðar biskup. Þessir skólaleikir munu hafa lagst af rétt fyrir aldamótin 1800.

Þeir Sigurður Pétursson og Geir Vídalín voru miklir vinir frá námsárunum í Kaupmannahöfn. Þar höfðu þeir kynnst alvöru leikhúsi og hrifist af. Það má glögg sjá í verkum þeirra beggja sem eru samin undir sterkum dönskum áhrifum, ekki síst af gamanleikjum Ludvig Holbergs, höfuðskálds Dana á 18. öld. Leikrit Geirs, *Brandur* eða *Bjarglaunin*, gleymdist þó fljótt, en leikrit Sigurðar, *Hrólfur* og *Narfi*, urðu mjög vinsæl með þjóðinni og voru leikin víða um land á 19. öld.

Geir Vídalín bjó hér í Aðalstræti 10 frá 1807 til dauðadags 1823. Var húsið þá og lengi síðan nefnt Biskupsstofan. Sigurður Pétursson kvæntist aldrei, en var heimilismaður hjá Geir og síðar ekkju hans, uns hann lést árið 1827. Tvö fyrstu leikskáld Íslendinga bjuggu því bæði hér í þessu húsi.



Sigurður Pétursson.



Geir Vídalín.

Aðalstræti 10 á 200 afmæli hússins 1952, en þá var verslun Silla og Valda í húsinu.

